

## Skýrsla stjórnar AkureyrarAkademíunnar

Lögð fram á ársfundi 17. maí 2017

### Stjórn og fulltrúaráð

Á ársfundi stofnunarinnar þann 18. maí síðastliðinn var ný stjórn AkureyrarAkademíunnar kosin, auk fulltrúaráðs. Í stjórn þetta starfsár hafa verið

Margrét Guðmundsdóttir, formaður  
Valgerður S. Bjarnadóttir, ritari  
Ólafur Thoroddsen, gjaldkeri

Í fulltrúaráði sátu Arndís Bergsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Jóhanna María E. Matthíasdóttir og Sigurgeir Guðjónsson, auk áðurnefndra þriggja stjórnarmanna. Í fjarveru Ólafs í upphafi starfsárs sinnti Jóhanna María starfi gjaldkera. Jóhanna María sagði sig úr fulltrúaráði haustið 2016.

### Lífið í Árholti

Vel hefur gengið að leigja út vinnupláss og plássin í húsinu hafa meira og minna verið fullnýtt á þessu starfsári (14 pláss). Þegar þetta er ritað er eitt pláss laust. Reglulegir súpufundir hafa verið haldnir á starfsárinu þar sem færi hefur gefist til að ræða ýmis aðkallandi mál er tengjast starfsemi Akademíunnar og lífinu í húsinu.

Ýmsir lúnir innanstokksmunir hafa verið endurnýjaðir á árinu. Fjárfest var í upphækkanlegu skrifborði, nýjum ísskáp og nokkrum skrifborðsstólum, svo dæmi séu tekin. Fasteignir Akureyrar létu mála húsið að utan og fóru yfir gluggana.

### Húsfólk

Alls voru 24 fulltrúar sem leigðu vinnuaðstöðu í Árholti árið 2016 ýmist til lengri eða skemmri tíma. Þeir voru eftirfarandi:

Anna Kolbrún Árnadóttir, Anna Örvarsson, Arnar Már Arngrímsson, Arndís Bergsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Bogi Pálsson, Brynjar Kristjánsson, Eiríkur Stephensen, Elías Ingi Björgvinsson, Gréta Kristjónsdóttir, Guðrún Þórsdóttir, Gunnar Gíslason, Hjalti Ómar Ágústsson, Hulda Sædís Bryngeirsdóttir, Jakob Þór Kristjánsson, Jóhann Ásmundsson, Jóhanna María E. Matthíasdóttir, Jón Ómar Gunnarsson, Margrét Guðmundsdóttir, Ólafur B. Thoroddsen, Sigurgeir Guðjónsson, Skafti Ingimarsson, Valgerður S. Bjarnadóttir og Þórhalla Sigurðardóttir.

Í byrjun árs 2017 bættust Jónína Garðarsdóttir, Martina Huhtamäki, Melkorka Mjöll Kristinsdóttir, Ólöf María Birnu Brynjarsdóttir og Steinunn Ólafsdóttir í hópinn.

Auk þeirra hefur framkvæmdastjóri AkAk, Kristín Heba Gísladóttir, vinnuaðstöðu í húsinu.

## Helstu verkefni starfsársins

### Örnámskeið um styrkumsóknir – 3. ágúst 2017.

Kristján Kristjánsson, framkvæmdastjóri í HR, hélt námskeiðið “Rannsóknasjóður Rannís: Gerðu betri umsókn!”. Námskeiðið var haldið á Icelandair hóteli og komust færri að en vildu.

### Barnabókakynning – 3. desember 2017.

Barnabókakynning var haldin í samvinnu við Amtsbókasafnið þann 3. desember 2016. Tveir höfundar kynntu bækur sínar, þau Margrét Tryggadóttir (Íslandsbók barnanna) og Sævar Helgi Bragason (Stjörnuskoðun fyrir alla fjölskylduna). Margrét formaður tók lagið ásamt eiginmanni sínum, Þórarni Hjartarsyni. Einnig kom Stúfur í óvænta heimsókn og skemmti börnum og fullorðnum. Kynningin var vel sótt og samvinnan við Amtsbókasafnið ánægjuleg.

### Samtal um hamingjuna á Akureyrarvöku – 27. ágúst 2016.

AkAk bauð bæjarbúum á viðburðinn “Samtal um hamingjuna” með Eddu Björgvins og Gunnari Hersveini. Viðburðurinn fór fram í Hlöðunni, Litla Garði. Húsfyllir var á viðburðinum og þurftu fjölmargir frá að hverfa. Tveir nemar úr Kvíkmyndaskóla Íslands, Jana Arnarsdóttir og Vigdís Eva Steinþórsdóttir, mynduðu samtalið og hefur myndbandið verið lagt út á Youtube og á heimasíðu AkAk. Akademían setti sig í samband við ungmenni sem sinntu skapandi sumarstörfum í Rósenborg og bauð þeim að setja upp ljósmyndasýningu í Hlöðunni. Kristín Heba og Jóhanna María fóru í sjónvarpsviðtal á N4 í tilefni viðburðarins.

### Fyrirlestrar í samvinnu við Öldrunarheimili Akureyrarbæjar.

AkureyrarAkademían hélt á starfsárinu fjóra fyrirlestra í samstarfi við Öldrunarheimilin á Akureyri. Verkefninu hefur verið vel tekið af heimilisfólkinu á Hlíð, bæjarbúum og fræðimönnum sem hafa flutt erindin. Það hefur hlotið styrki frá Norðurorku og úr Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA. Fjallað var um verkefnið í Landanum á RÚV.

4. nóvember 2016

Margrét Guðmundsdóttir: *Baráttuleiðir eyfirskra kvenna*

2. desember 2016

Jón Hjaltason: *Stærstu brunarnir á Akureyri 1901, 1906, 1969*

10. febrúar 2017

Sigurgeir Guðjónsson: *Um förumenn og flakkara*

17. mars 2017

Arndís Bergsdóttir: *Konurnar í verksmiðjunum*

28. apríl 2017 (Lögmannshlíð)

Arndís Bergsdóttir: *Konurnar í verksmiðjunum*

### Húsnæðismál

Síðsumars kom í ljós að nokkur óvissa væri með húsnæðismál Akademiunnar og í kjölfarið var yfirstandandi verkefnum slegið á frest, enda fór talsverður tími formanns og framkvæmdastjóra í að vinna í húsnæðismálum stofnunarinnar. Nú er ljóst að Akademían hefur tryggt sér húsnæðið í Árholti fram að áramótum 2017/2018.

**Samstarfsamningur við HA:** Samstarfssamningur stofnanna var endurnýjaður í lok starfsársins.

## **Fjármál**

AkureyrarAkademían fékk 7,2 milljónir á fjárlögum fyrir árið 2016 og gert er ráð fyrir sömu upphæð á fjárlögum 2017. Aðrir styrkir sem stofnunin hlaut árið 2016 eru 1,1 milljón.

## **Verkefni sem hafa verið í undirbúningi**

**Tímarit:** Fljótlega eftir að ný stjórn tók við kom fram sú hugmynd að stofnunin stæði að útgáfu tímarits sem kæmi út nokkrum sinnum á ári og hefði það að markmiði að brúa bil á milli fræða og almennings með birtingu fræðigreina „á mannamáli.“ Nokkrir Akademónar buðu sig fram í ritstjórn. Sökum óvissu um fjárhag og húsnæðismál stofnunarinnar var ákveðið að fresta áframhaldandi vinnu.

**Hlaðvarp:** Sótt var um styrk til Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra og Menningarsjóðs Akureyrar til að þróa hlaðvarpsþætti sem gætu þjónað sama hlutverki og tímaritið – en á hagkvæmari og umhverfisvænni hátt. Ekki hefur fengist styrkur í þetta verkefni.

**Stefnumótun AkAk:** Fyrirhugað var að hefja vinnu við stefnumótun AkAk, undir handleiðslu fagfólks á því sviði. Þeirri vinnu var frestað vegna óvissu um fjármál og húsnæðismál stofnunarinnar.

**Hagnýt örnámskeið:** Ekki hefur gengið greiðlega að finna fyrirlesara á örnámskeiðin og því hefur framkvæmd þeirra raskast nokkuð. Þó er fyrirhugað að halda námskeið í ágúst um skattaumhverfi verktaka.

**Húisleigusamningur:** Grundvöllur starfsins er að hafa traust húsnæði. Eins og er erum við ekki með langtímasamning við Akureyrarbæ og bærinn hefur ekki tekið framtíðarákvörðun um eignarhald og framkvæmdir á lóðinni. Því hefur ekki verið hægt að endurnýja leigusamninginn til lengri tíma. Það verður verkefni nýrrar stjórnar að tryggja stofnuninni áframhaldandi húsnæði.

## **Að lokum**

Ráðning framkvæmdastjóra til AkureyrarAkademíunnar hefur reynst mikill styrkur fyrir stofnunina. Starfshlutfall framkvæmdastjóra var í haust hækkað úr 50% í 70%. Það er lykilatriði að mati stjórnar að fjárframlög til Akademíunnar haldist stöðug og að styrkir fái til frekari verkefna.

f.h. stjórnar

Valgerður S. Bjarnadóttir, ritari.